

Yfirllestur á skýrslum

Páll Ingólfsson

Greinargerð PI-80/02

Yfirlæstur á skýrslum

Samkvæmt núverandi reglum Orkustofnunar um skýrslugerð og útgáfu skulu handrit yfirfarin með tilliti til efnis af a.m.k. tveim sérfræðingum öðrum en höfundi/um áður en skýrsla er gefin út.

Útgáfustjóri tekur við handritum og metur, hvort þau eru tilbúin til yfirlæstrar. Hann ákveður síðan í samráði við forstöðumenn deilda hverjir skuli annast formlegan yfirlæstur og kemur handritum til yfirlæsara.

Á meðfylgjandi blaði er spurningalisti, þar sem talin eru upp helstu atriðin, sem hafa ber í huga við efnislegan yfirlæstur á skýrslum, og eru yfirlæsara beðnir að fylla hann út að loknum yfirlæstri ásamt matinu neðst á síðunni, sem er nokkurs konar heildarniðurstaða yfirlæstrar. Að lokum skrifa yfirlæsara nafn sitt undir. Þessi spurningalisti er fyrst og fremst ætlaður sem hjálpartæki við yfirlæsturinn. Ekki er víst að hann eigi við að öllu leyti í öllum tilfellum.

Auk þess að svara spurningunum ber yfirlæsara að gera skriflegar athugasemdir við þau efnisatriði, sem þeir telja að sé ábótavant. Þar á að koma fram hvaða endurbóta þeir telji þörf. Slíkar athugasemdir má gera á það eintak sem viðkomandi fá til yfirlæstrar eða á sérstakt blað sem látið er fylgja með yfirlæsu handriti. Yfirlæsara eru einnig beðnir að gera athugasemdir við öll þau atriði önnur, sem þeir telja að þarfnist lagfæringa, en ekki falla beinlínis undir ofangreindan lista. Auk efnislegra athugasemda er æskilegt að benda á atriði sem betur mega fara með tilliti til málfars.

Að loknum yfirlæstri skal skila handriti ásamt spurningalista og athugasemdum til útgáfustjóra, sem varðveitir eyðublaðið og kemur handritum áleiðis til höfunda.

Þegar höfundar ganga frá handriti í endanlegu formi ber þeim að hafa samráð við yfirlæsara varðandi athugasemdir þeirra. Komi upp ágreiningur um einhver efnisatriði milli höfunda/r og yfirlæsara skal málið lagt fyrir útgáfustjóra til úrlausnar.